

EYVINDUR MOHR

Sýning að Kjarvalsstöðum

27. ágúst - 5. sept. 1977



EYVINDUR MOHR

Myndaskrá

Nr.

- 1 Eyðisvíkin
- 2 Famjin (Óveður)
- 3 Bø (Vestureftir)
- 4 Tivoli Eystanvert Roma
- 5 Tivoli Eystanvert Roma
- 6 Elduvík
- 7 Frá Elduvík
- 8 Bø (vesturmóti Mykines)
- 9 Sjálfsmynd - einkaeign
- 10 Hoyvíkin
- 11 Egholmshúsið í Hvalvík
- 12 Via Arco de Sancta Calisto (Roma) - einkaeign
- 13 Funningur
- 14 Stoffalág (frá Hoyvíkshaganum)
- 15 Vestumóti Mykjunes
- 16 Bondahúsinu y Depli
- 17 Einsemis
- 18 Hvítanes
- 19 Göngin

Kynni mín af Færeyjum og færeyskri list eru ekki langvinn, en þó finn ég í málverkum Eyvindar Mohr tilfinningalegan sannleika um heimahaga hans sem samsvarar fyllilega þeim áhrifum sem ég varð fyrir þar um slóðir. Íslenskir listmálarar geta ávallt flúið til fjalla og einbeitt sér að fegurð landsins, en hvað færeyska starfsbræður þeirra snertir er sambýli og togstreita lands og hafs óumflýjanleg staðreynd sem mótar alla þeirra myndrænu hugsun. Öll myndlist Eyvindar Mohr byggir á þeim sannindum og í höndum hans eru þau útlistuð af festu og einurð. Engu er ofaukið í myndum hans, enga smámunasemi er þar að finna. Grænflökkóttar hliðarnar falla niður í hið sérkennilega grúa dýpi sem umlykur eyjarnar og á ystu nöf standa húsin sem óbrotin tákna um seiglu mannsins, sérlega þeirra sem þarna búa. Ljósíð í myndum hans er sérstakt, stundum drungalegt eins og þokuslæðingurinn sem svo oft liggur yfir Þórshöfn, en oftar innilegt og þá án allrar viðkvæmni. Eyvindur Mohr er sjálfærður dugnaðarforkur sem hóf alvarlega listsköpun fyrir rúmum áratug, en hefur síðan numið við Rómarakademiuna, hlotið dvalarstyrk Ingiríðar drottningar og sýnt víða um Norðurlönd, m.a. hér í Norræna húsinu. Hæfileikar hans, seigla og trú á heimalandi sínu ættu að nægja honum til frambúðar. Það er okkur að Kjarvalsstöðum ánægja að fá að hýsa verk hans næstu daga.

Aðalsteinn Ingólfsson.

RYNDUR MOHR

Myndir

Félagið
MYNDKYNNING
Pósthólf 1151
Sími 82420.

